

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómssgerðum og notarial-staðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómssgerðir, skal greiða samlestrar-gjald, 40 kr. af hverri síðu.

#### 10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjar-fógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

#### 11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal, sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók sam-timis og gerðin fer fram, skal innheimtumaður skrá í gerðabókina, hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

#### 12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkis-sjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1976.

*Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1975.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Höskuldur Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um bókhald ríkisins.

#### 1. gr.

Allt bókhald um fjárreiður ríkisaðila skal vera reglulegt tvíhliða bókhald eftir einu samræmdu vinnslukerfi. Ríkisaðilar í þessu sambandi eru ríkissjóður, ríkis-stofnanir og -fyrirtæki og sjóðir í ríkiseign, þó ekki bankar og lánastofnanir.

Ríkisbókhaldið hefur, fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum ríkisaðila, þ. e. þeirra aðila, er ríkisreikningurinn nær til, á grundvelli þessarar reglugerðar og laga nr. 52/1966 og sér um gerð ríkis-reiknings.

#### 2. gr.

Skipulagning og vinnsla á hliðarbókhaldi, t. d. á launum, birgðum og greiðslu-gögnum, skal fara eftir meginreglum aðalbókhalds, eftir því sem við á, og vera háð eftirliti og samþykki ríkisbókhalds.

#### 3. gr.

Tölvuvinnsla bókhaldsgagna ríkisaðila skal framkvæmd hjá Skýrsluvélum ríkis-ins og Revkjavíkurborgar (SKÝRR), nema ríkisbókhaldið samþykki annað. Jafnan skal leitað umsagnar ríkisendurskoðunar og fjárlaga- og hagsýslustofnunar um frávik frá þessari meginreglu.

#### 4. gr.

Þar sem því verður við komið, skal úrvinnsla launa starfsmanna ríkisins unnin í tölvu eftir samræmdu vinnslukerfi. Úrvinnslan skal fullnægja þörfum ríkisbók-

halds og ríkisendurskoðunar og vera byggð á sömu reglum og úrvinnsla almennra bókhaldsgagna ríkisins og samtengd þeirri vinnslu.

## 5. gr.

Úrvinnsla tékka ríkissjóðs og ríkisstofnana í tölvu skal framkvæmd undir eftirliti ríkisendurskoðunar og samkvæmt þeim reglum er hún og ríkisbókhaldið setja sameiginlega.

## 6. gr.

Tölvuvinnsla aðalbókhalds skal skila eftirtöldum yfirlitum:

- a) Dagbók í fylgiskjalaröð.
- b) Aðalbók efnahags, þar sem fram komi færslur í fylgiskjalaröð innan sömu sundurliðunar, ásamt samtölu.
- c) Aðalbók gjalda/tekna, þar sem fram komi færslur í fylgiskjalaröð innan sömu sundurliðunar, ásamt samtölu.
- d) Viðskiptayfirliti, er sýni færslur í viðskiptareikninga.
- e) Yfirliti um stöðu viðskiptamanna, er sýni skuld eða inneign hvers og eins viðskiptamanns.
- f) Efnahags- og rekstrarreikningi, ef hagkvæmt þykir.
- g) Sérstökum yfirlitum með samanburðartölum við fjárlaga- og greiðsluáætlanir.
- h) Öðrum yfirlitum, sem hagkvæmt þykir að vinna í tölvu úr bókhaldsgögnum ríkisins.

## 7. gr.

Í samráði við ríkisreikningsnefnd ákveður ríkisbókhald uppbyggingu og umfang samræmds talnalykils til nota við skráningu og úrvinnslu bókhaldsgagna ríkisins.

Í fjárlagatillögum og í fjárlagafrumvarpi skal nota sama talnalykil og í bókhaldsúrvinnslu. Fjárlaga- og hagsýslustofnun ákveður í samráði við ríkisreikningsnefnd hversu ítarlega sundurliðun skv. talnalyklinum skuli nota.

Í talnalyklinum skal m. a. greina á milli a) ráðuneyta, b) málefnaflokkar ráðuneyta, c) stofnana, fyrirtækja og sjóða hvers málefnaflokkis, d) viðfangsefna eða deilda innan hversrar stofnunar, hvers fyrirtækis og sjóðs, e) sundurliðunar, þar með gjalda eftir hagrænu eðli þeirra.

Með hagrænu eðli gjalda er annars vegar átt við aðalskiptingu skv. þjóðhagsreikningagerð og hins vegar skiptingu þeirra eftir gjaldategund, er nái til hvers viðfangsefnis og hversrar deildar.

## 8. gr.

Sundurliðunarlykill er 5 sæti. Aðalflokkar hans eru auðkenndir í fremsta sæti. Tölutákn þeirra og heiti eru eftirfarandi:

- 0 Tekjur, aðfengnar
- 1 Tekjur, innan stofnunar
- 2 Rekstrargjöld, útlátin
- 3 Rekstrargjöld, innan stofnunar
- 4 Viðhaldsgjöld, útlátin
- 5 Viðhaldsgjöld innan stofnunar
- 6 Stofnkostnaður, útlátinn
- 7 Stofnkostnaður, innan stofnunar
- 8 Efnahagsliðir, greiðslufjár- og lánareikningar
- 9 Efnahagsliðir, efnislegir fjármunir og eigið fé.

## 9. gr.

Aðalflokkur tekna er aðgreindur í eftirfarandi yfirflokka í öðru sæti sundurliðunarlykils:

- 0 Almennar rikistekjur
- 1 Arðgreiðslur, framlög og ýmsar tekjur
- 2 Tekjur af fjárkröfum og fastafé
- 3 Seldar vörur
- 6 Seld þjónusta
- 9 Sala eigna

Yfirflokkar auðkenndir tölustöfunum 4, 5, 7 og 8 skulu ákveðnir nánar af ríkisbókhaldi í samráði við ríkisreikningsnefnd.

## 10. gr.

Aðalflokkur gjalda (rekstrargjöld, viðhald, stofnkostnaður) er aðgreindur í eftirfarandi yfirflokka í öðru sæti sundurliðunarlykils:

- 0 Launagjöld
- 3 Vörur (til birgða)
- 4 Vörur
- 5 Þjónusta
- 7 Vextir, áhætta, tryggingar, skattar
- 8 Eignakaup
- 9 Tilfærslur

Yfirflokkar auðkenndir tölustöfunum 1, 2 og 6 skulu ákveðnir nánar af ríkisbókhaldi í samráði við ríkisreikningsnefnd.

## 11. gr.

Aðalflokkar efnahags eru aðgreindir í eftirfarandi yfirflokka í öðru sæti sundurliðunarlykils:

## a) Greiðslufjár- og lánareikningar:

- 0 Sjóð- og bankareikningar
- 1 Óinnheimtar rikistekjur og innheimtufé
- 2 Krafa á óinnheimtar tekjur. Geymdar markaðar tekjur. Geymt innheimtufé.
- 3 Ýmsir reikningar. Viðskiptareikningar
- 4 Veitt stutt lán
- 5 Veitt löng lán
- 6 Tekin stutt lán
- 7 Tekin löng lán
- 9 Hlutabréf og stofnfjárframlög.

Yfirflokkur auðkenndur tölustöfunum 8 verður ákveðinn nánar af ríkisbókhaldi í samráði við ríkisreikningsnefnd.

## b) Efnislegir fjármunir — Eigið fé:

- 0 Vörubirgðir
- 1 Lóðir, lendur, jarðir, hafnir, flugvelli
- 2 Húseignir, fullbúnar
- 3 Húseignir, í smíðum
- 4 Skip og flugvélar
- 5 Vélar og vélasamstæður
- 6 Áhöld, húsgögn og skrifstofuvélar

- 7 Bifreiðar
- 8 Vinnuvélar o. fl.
- 9 Eiginfjárreikningar.

## 12. gr.

Stofnkostnaður, þ. e. ný fjárfesting, er færður til gjalda á rekstrarreikningi í A-hluta reiknings. Hjá ríkisaðilum, er falla undir B-hluta ríkisreiknings, á hins vegar að færa hann upp með efnislegum fjármunum í efnahagsreikningi og afskrifa árlega.

Rekstrargjöld eru gjöld fyrir þau aðföng, sem eyðast að jafnaði á stuttum tíma.

Stofnkostnaður nær fyrst og fremst til þeirra efnislegu hluta, og í sumum tilvikum réttinda, sem nýtanlegir geta að jafnaði verið til lengri tíma (a. m. k. lengur en í 1 ár).

Til viðhalds teljast þau gjöld, sem stofnað er til í því skyni að halda eign í ákveðnu ástandi, án þess að slík gjöld leiði til endurbóta miðað við upprunalega gerð eignarinnar.

## 13. gr.

Auk sundurliðunar gjalda, sbr. 8. gr., 9. gr. og 11. gr., skal greina útgjöld sérstaklega í bundin og óbundin.

Aðgreininguna skal gera með bókstafs- eða tölutákni í einu sæti í tölvuvinnslu hins almenna bókhalds. Sérhver færsla á útgjaldalið skal auðkennd með viðeigandi tákni.

Við bókun á efnislegum fjármunum hjá B-hluta fyrirtækjum og sjóðum skal einnig greina á milli bundins og óbundins hluta slíkra fjárráðstafana.

Stofnanir, fyrirtæki og sjóðir ríkisins skulu einnig nota þessa aðgreiningu við gerð fjárlagatillagna, skv. nánari ákvörðun fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

## 14. gr.

Bundinn hluti gjalda, og útgjalda vegna efnislegra fjármuna, eru þær fjárráðstafanir, sem eigi verður komist hjá að gera til þess að fullnægja samningsbundnum skuldbindingum og halda uppi nauðsynlegustu starfsemi innan viðkomandi reikningsárs.

Til bundinna útgjalda teljast t.d. laun fastráðinna starfsmanna, sem ekki verður sagt upp störfum á reikningsárinu án þess að stöður þeirra verði lagðar niður. Starfsmenn með 3ja mánaða uppsagnarfrest eða skemmri falla ekki undir fyrri málslíð þessarar málsgreinar.

Til bundinna útgjalda teljast gjöld vegna húsnæðis, sem notað er í starfsemi og ekki verður minnkað innan reikningsársins miðað við samninga þar um og þörf er á vegna nauðsynlegustu starfsemi.

Einnig telst til bundinna útgjalda allt það, sem þarf til venjulegs rekstrar slíks húsnæðis, svo sem hiti og ljós, enn fremur hvers konar aðrar rekstrarnauðsynjar, sem þörf er á til að halda uppi nauðsynlegustu starfsemi eins og sími, burðargjöld, pappír, ritföng, ræsting o.s.frv.

## 15. gr.

Óbundinn hluti gjalda, og útgjalda vegna efnislegra fjármuna, eru þær fjárráðstafanir, sem fresta má á reikningsárinu, t.d. til næsta árs, án þess að þegar gerðir samningar séu brotnir. Hér skal miðað við samninga, sem í gildi eru, þegar greiðsluáætlanir ríkisaðila skulu gerðar eftir afgreiðslu fjárlaga á Alþingi, sbr. 17. gr.

Til óbundinna útgjalda telst yfirvinna fastra starfsmanna, launagjöld lausráðinna auk ýmissa annarra útgjalda, sem tengd eru starfsmönnum, sem segja má upp störfum sbr. aðra málsgrein 14. gr. Hér til heyra einnig önnur útgjöld,

sem unnt er að fella niður eða draga úr á reikningsárinu, þó þannig að haldið sé uppi nauðsynlegustu starfsemi.

Að jafnaði er unnt að fresta verulegum hluta stofnkostnaðar og viðhalds án sammingsbrota innan eins reikningsárs og því má telja þá liði að mestu óbundna.

Að öðru leyti verður að meta það í hverju tilviki, hvort útgjöld séu bundin eða óbundin.

#### 16. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu fjárlaga skulu ríkisaðilar gera áætlun um greiðslustreymi samkvæmt þeim fyrir hvern mánuð reikningsársins á þar til gerð eyðublöð fjármálaráðuneytisins. Þar komi fram skipting gjalda eftir aðalflokkum, þ.e. í rekstur, viðhald og stofnkostnað, auk sundurliðunar í yfirflokka innan hvers aðalflokks, sbr. 11. gr. Jafnframt skal skipta útgjöldum í bundin og óbundin.

#### 17. gr.

Afrit allra verksamninga skal afhenda fjármálaráðuneytinu innan 2ja vikna frá því að þeir eru undirritaðir. Gildir þetta um alla verksamninga þeirra ríkisaðila, sem ákvæði laga nr. 52/1966 ná til.

#### 18. gr.

Skila skal fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 20. dag hvers mánaðar reikningslölum liðins mánaðar með samanburði við greiðsluáætlun.

#### 19. gr.

Ef séð verður, að áður gerð greiðsluáætlun um skiptingu greiðslustreymis á einstaka mánuði ársins standist ekki, skal gera nýja og afhenda fjármálaráðuneytinu. Eigi má greiða skv. nýrri áætlun fyrr en hún hefur verið samþykkt af fjármálaráðuneytinu.

#### 20. gr.

Ef fjárveiting er sameiginleg til ýmissa verkefna í fjárlögum, skal við reikningsuppgjör fylgja þeirri meginreglu að færa öll gjöld á þær stofnanir og viðfangsefni, sem njóta þeirra, en ekki til gjalda á hinn sameiginlega fjárlagalið. Sama gildir um notkun heimildarákvæða og ákvæða sérstakra laga.

Fjárlagatölur þarf ekki að sundurgreina með sama hætti við birtingu þeirra í ríkisreikningi. Skýringar skal þá setja með þeim liðum. Sérstakt yfirlit um áhrif markaðra tekna, heimildarákvæða laga og sérstakra laga á fjárveitingar skal jafnan fylgja í A-hluta ríkisreiknings.

Við gerð greiðsluáætlana innan ársins og samanburð reikningstalna skal taka tillit til notkunar sameiginlegra fjárveitinga, heimildarákvæða laga og ákvæða sérstakra laga, auk geymdra fjárveitinga.

#### 21. gr.

Ónotuð fjárveiting telst sá hluti fjárveitingar, sem umfram er gjaldfærslu reiknings fjárlagaársins.

Ef óskað er geymslu á ónotaðri fjárveitingu, skal senda beiðni um það til fjárlaga- og hagsýslustofnunar fyrir 15. febrúar á næsta ári. Sé geymsluheimild veitt bætist hún við fjárveitingu fjárlaga þess árs og gildir til loka ársins.

Geymsluheimildir má hvorki flytja á milli stofnana né viðfangsefna innan stofnunar án sérstaks leyfis fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Halda skal sérstaka skrá yfir geymdar fjárveitingar með tilvisun í fjárlagagreinir og fjárlagaár. Þar skal koma fram sundurliðuð notkun geymdra fjárveitinga frá fyrri árum og gildistími þeirra.

**22. gr.**

Söluandvirði og tjónabætur verðmætari eigna stofnana í A-hluta ríkisreiknings skal skila í ríkissjóð, og telja með tekjum á rekstrarreikningi A-hluta ríkisreiknings. Sé þörf á gjaldfærslu í framhaldi af sölu eða eignatjóni hjá stofnun skal hún byggð á fjárveitingum eða sérstökum gjaldaheimildum fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Söluandvirði og tjónabætur eigna B-hluta fyrirtækja og sjóða er verulegt verðgildi hafa, skal ráðstafa með samþykki fjármálaráðherra. Að jafnaði skal skila því fé til geymslu á reikning hjá ríkissjóði.

**23. gr.**

Ríkisstofnanir, sem hafa sitt eigið bókhald og annast eigið ársuppgjör, skulu ljúka reikningsskilum og afhenda þau ríkisbókhaldi, ríkisendurskoðun og ráðuneyti því, er þær heyra til, eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Fyrirtæki og sjóðir ríkisins skulu ljúka reikningsskilum og afhenda þau ríkisbókhaldi, ríkisendurskoðun og ráðuneyti því, er þau heyra til, eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Ríkisbókhaldi er heimilt að stytta skilafrest ríkisstofnana og fyrirtækja og sjóða ríkisins.

Bókhaldsgögnum skal skila ríkisendurskoðun skv. nánari ákvörðun ríkisendurskoðunar.

**24. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga nr. 52 13. maí 1966 og öðlast gildi 1. janúar 1976.

*Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1975.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Höskuldur Jónsson.*

**AUGLÝSING****um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.**

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 75 frá 23. desember 1975, um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka og innheimta á árinu 1976 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a) Með 140% viðauka stimpilgjöld af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b) Með 140% viðauka sérleyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í lögum nr. 79, um aukatekjur ríkissjóðs frá 23. desember 1975.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr krónu, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1975.*

**Höskuldur Jónsson.**

*Dorsteinn Geirsson.*